

2310. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 17. apríl 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Unnar Stefán Sigurðsson, Þorkell Máni Pétursson, Sveinn Gíslason.

Mættir starfsmenn: Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri KSÍ.

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.
 - Fundargerð 2309.
 - Stjórn staðfesti breytingu á knattspyrnulögnum sem samþykkt var rafrænt á milli funda.

2. Skipan í nefndir og starfshópa.

a. Stjórn KSÍ samþykkti skipan í eftirtaldar nefndir:

Dómaranefnd, fræðslunefnd, heilbrigðisnefnd, laga- og leikreglnanefnd og markaðsnefnd:

Dómaranefnd
Halldór B. Jóhannsson
Egill Arnar Sigurþórsson formaður
Bryndís Sigurðardóttir
Mist Edvarðsdóttir
Hjalti Þór Halldórsson
Oddur Helgi Guðmundsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Fræðslunefnd
Unnar Stefán Sigurðsson Formaður
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Guðrún Jóna Kristjánsdóttir
Gunnar Már Guðmundsson
Sigríður Baxter Þorláksdóttir
Þórður Einarsson
Örn Ólafsson
Laga- og leikreglnanefnd
Sveinn Gíslason
Kolbrún Arnardóttir
Margrét Hafsteinsdóttir
Lee Ann Maginnis
Gísli Gíslason Formaður
Markaðsnefnd
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Hörður Ágústsson
Kristján Ingi Gunnarsson
Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir
Ingveldur María Hjartardóttir
Þorkell Máni Pétursson Formaður
Sigrún María Jörundsdóttir

Skipan annarra nefnda var frestað til næsta fundar.

2.b. Skipan í starfshópa:

Starfshópur – Framkvæmd leyfiskerfis KSÍ

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, formaður
Guðmundur H. Pétursson
Þórir Hákonarson
Hörður Guðjónsson
Starfsmaður: Fannar Helgi Rúnarsson

Starfshópur – Lánareglur. Móðurfélag og dótturfélag.

Tinna Hrund Hlynsdóttir, formaður
Ingi Sigurðsson
Björgvin Brynjólfsson (2. deild karla)
Bjarni Guðjónsson
Birgir Jóhannsson
Katla Guðjónsdóttir
Starfsmaður: Haukur Hinriksson

Starfshópar – Dómstólakerfi KSÍ

Stefán Geir Þórisson, formaður
Kolbrún Arnardóttir
Páll Kristjánsson
Hrannar Már Gunnarsson
Starfsmaður: Haukur Hinriksson

Starfshópur – Tímasetning ársþings

Guðjón Bjarni Hálfðánarson, formaður
Flosi Eiríksson,
Viðar Halldórsson
Klara Bjartmarz
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir
Reimar Helgason
Starfsmaður: Bryndís Einarsdóttir

- b. Rætt um skipan fulltrúa KSÍ í nefndir UEFA og formanni KSÍ, Þorvaldi Örlygssyni gefið umboð til að vinna málið áfram.

Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ tók sæti á fundinum.

3. Lög og reglugerðir

- a. *Stjórn KSÍ samþykkti að framlengja til eins tímabils bráðabirgðaákvæði varðandi lotukerfi í 2. flokki karla og 3. flokka karla og kvenna, eldri leikmenn í 2. flokki kvenna (U20). Stjórn samþykkti einnig að framlengja bráðabirgðaákvæði í reglugerð varðandi heimild til að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á leikskýrslu í meistaraflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgarétt.*
- b. Rætt var um stofnun starfshóps til ráðgjafar varðandi viðbragðsáætlun KSÍ. Rætt um markmið slíks hóps og skipan í hann. *Stjórn samþykkti að stofna starfshóp og óska eftir að hópurinn ljúki störfum fyrir miðjan maí.* Formanni KSÍ, Þorvaldi Örlygssyni var gefið umboð stjórnar til að staðfesta skipan hópsins í samráði við framkvæmdastjóra og lögfræðing.

4. Leyfiskerfi og vallarleyfi

- a. Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir stöðu þátttökuleyfa, en öll þátttökuleyfi eru nú afgreidd.

Haukur Hinriksson vék af fundi.

- b. Unnar Stefán Sigurðsson formaður mannvirkjanefndar kynnti tillögu mannvirkjanefndar um vallarleyfi. *Stjórn samþykkti tillögu nefndarinnar sem hér segir:*

Vallarleyfi C – 2024

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild kvenna og Lengjudeild karla

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2024:
Akraneshöllin* og Safamýri**

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. Reglugerð

**með fyrirvara um uppfyllt skilyrði skv. reglugerð og athugasemdum mannvirkjanefndar

5. Móta- og dómaramál

- a. Jörundur Áki Sveinsson, starfandi framkvæmdastjóri, fór yfir dómaramál í fjarveru Halldórs Breiðfjörð.
- b. Helga Helgadóttir, formaður mótanefndar, upplýsti stjórn KSÍ um stöðu mála við niðurröðun leikja fyrir komandi tímabil.

6. Landsliðsmál. Málefni landsliða og næstu verkefni rædd.

7. Yfirstjórn

- a. Ráðning framkvæmdastjóra. Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ upplýsti stjórn um ferlið og hvernig staðan er. Málið í góðum farvegi.

8. Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ vék af fundi og tók Helga Helgadóttir fyrsti varaformaður við stjórn fundar.

- a. Lögð var fram tillaga kjaranefndar varðandi launakjör formanns í samræmi við lög KSÍ sem var samþykkt af stjórn KSÍ. Kjaranefnd mun ganga frá launasamningi við formann KSÍ í samræmi við 35.gr.laga KSÍ.

Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ tók aftur sæti á fundi og tók við fundarstjórn á ný.

9. Önnur mál

- a. Ársþing KSÍ 2025. *Stjórn samþykkir að veita Jörundi Áka Sveinssyni, starfandi framkvæmdastjóra, umboð til að kanna áhuga aðildarfélaganna að halda ársþing KSÍ 2025 og 2026.*
- b. Þinggerð ársþings 2024 hefur verið birt í samræmi við lög sambandsins.
- c. Orri Hlöðversson, formaður ÍTF, fór yfir fréttir af ÍTF.
- d. Rætt um fulltrúa KSÍ í stjórn Íslenskra getrauna. *Stjórn KSÍ samþykkti að skipa Þorvald Örlygsson formann KSÍ í stjórnina og Bryndísi Einarsdóttur fjármálastjóra KSÍ sem varamann.*
- e. Veðmálafíkn. Þorkell Máni Pétursson kynnti hugmyndir um fræðslu og aðstoð á vegum KSÍ og ÍTF. *Stjórn KSÍ samþykkti að stofna starfshóp til að rýna í stöðu þessara mála í íslenskri knattspyrnu og mögulegar leiðir til fræðslu.* Einnig yrði hópnun falið að kanna hvort og þá hvernig hægt sé að aðstoða þá sem eru langt leiddir í veðmálafíkn.
- f. Málefni Laugardalsvallar. Formaður KSÍ fór yfir stöðu varðandi LDV. Mjög jákvætt



Samtal hefur átt sér stað við hagsmunaaðila. Stjórn samþykkti tillögu formanns KSÍ vegna viljayfirlýsingar Ríkis, Reykjavíkurborgar, KSÍ og FRÍ um endurbætur og uppbyggingu á íþjóðaraðstöðu til framtíðar fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir og felur honum ásamt settum framkvæmdastjóra að halda áfram með málið.

Fundi slitið kl. 18:34

Fundarritarar

Klara Bjartmarz og Jörundur Áki Sveinsson